Forsætisnefnd

Reykjavík, 11. nóvember 2026
MSS26060008

Tillaga að breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar – síðari umræða

Unnin hefur verið tillaga að breytingu á 10., 35., 63. og 64. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar vegna breyttrar nefndaskipunar hjá Reykjavíkurborg.

Tillagan var tekin til fyrri umræðu í borgarstjórn á fundi hennar 20. október og vísað til síðari umræðu sbr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga.

Á milli umræðna hefur verið bætt við tillögu að breytingum á 10. gr. samþykktarinnar þar sem upptalning á fundargerðum ráða er lagfærð til samræmis við breytta nefndarskipan en ekki var ljóst við fyrri umræðu hvort gera þyrfti frekari breytingar á greininni. Var niðurstaðan sú að þess þyrfti ekki og er um að ræða minniháttar viðbætur í beinum tengslum við þær breytingar sem áður hefur verið fjallað um.

Lagt er til að forsætisnefnd vísi breyttri tillögu til borgarstjórnar þar sem hún verður tekin til síðari umræðu.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt: Tillaga að breytingu á 10., 35., 63. og 64. gr.samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2026
MSS26060008

Tillaga að breytingu á 10. gr., 35. gr., 63. gr. og 64. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

10. gr. samþykktarinnar hljómar svo:

10. gr.
Dagskrá borgarstjórnarfundar.

Forseti borgarstjórnar semur dagskrá borgarstjórnarfundar í samráði við borgarstjóra og forsætisnefnd og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá borgarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningar forseta borgarstjórnar og fjögurra varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar, svo og kosningu eða ráðningu borgarstjóra og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir borgarráðs ásamt fundargerðum eftirtalinna nefnda og ráða; forsætisnefndar, menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs, mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs, skóla- og frístundaráðs, stafræns ráðs, umhverfis- og skipulagsráðs og velferðarráðs.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan, og þarfnast staðfestingar borgarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið borgarstjórnar og forsætisnefnd, borgarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða borgarfulltrúi óskar eftir að verði tekin á dagskrá.

Borgarfulltrúi sem óskar eftir að fá mál tekið á dagskrá borgarstjórnarfundar skal tilkynna forsætisnefnd það skriflega fyrir kl. 9.00 á föstudegi fyrir reglulegan fund.

Lagt er til að 10. gr. verði svohljóðandi:

10. gr.
Dagskrá borgarstjórnarfundar.

Forseti borgarstjórnar semur dagskrá borgarstjórnarfundar í samráði við borgarstjóra og forsætisnefnd og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá borgarstjórnarfundar skal taka:

5. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningar forseta borgarstjórnar og fjögurra varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar, svo og kosningu eða ráðningu borgarstjóra og endurskoðenda þess.
6. Fundargerðir borgarráðs ásamt fundargerðum eftirtalinna nefnda og ráða; forsætisnefndar, íþrótta- og útilífsráðs, leikskóla- og daggæsluráðs, menningarráðs, skóla- og frístundaráðs, umhverfis- og skipulagsráðs og velferðarráðs.
7. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan, og þarfnast staðfestingar borgarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
8. Önnur mál sem falla undir verksvið borgarstjórnar og forsætisnefnd, borgarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða borgarfulltrúi óskar eftir að verði tekin á dagskrá.

Borgarfulltrúi sem óskar eftir að fá mál tekið á dagskrá borgarstjórnarfundar skal tilkynna forsætisnefnd það skriflega fyrir kl. 9.00 á föstudegi fyrir reglulegan fund.

Reykjavík

35. gr. samþykktarinnar hljómar svo:

35. gr.
Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í borgarstjórn á sérhver borgarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í borgarstjórn.

Sérhver borgarfulltrúi á rétt á aðgangi að fundargögnum þeirra ráða sem borgarstjórn kýs til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum sbr. 63. gr. þessarar samþykktar.

Borgarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofum og stofnunum Reykjavíkurborgar í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi borgarinnar og rekstur.

Óski borgarfulltrúi gagna skal beina því til skrifstofu borgarstjórnar sem annast milligöngu um öflun þeirra og skal afgreiða slíka beiðni eins skjótt og unnt er. Ef umbeðin gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings eða óvenju viðamikil er borgarfulltrúa heimilt að kynna sér þau á skrifstofu borgarstjórnar.

Varði málefni viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í borgarstjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

Lagt er til að 35. gr. verði svohljóðandi:

35. gr.
Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í borgarstjórn á sérhver borgarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í borgarstjórn.

Sérhver borgarfulltrúi á rétt á aðgangi að fundargögnum þeirra ráða sem borgarstjórn kýs til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum sbr. B-lið 63. gr. og 3. og 4. tölul. B-liðar 64. gr. þessarar samþykktar.

Borgarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofum og stofnunum Reykjavíkurborgar í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi borgarinnar og rekstur.

Óski borgarfulltrúi gagna skal beina því til skrifstofu borgarstjórnar sem annast milligöngu um öflun þeirra og skal afgreiða slíka beiðni eins skjótt og unnt er. Ef umbeðin gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings eða óvenju viðamikil er borgarfulltrúa heimilt að kynna sér þau á skrifstofu borgarstjórnar.

Varði málefni viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í borgarstjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

63. gr. samþykktarinnar hljómar svo:

63. gr.
Kosning í ráð.

Borgarstjórn kýs eftirtalin ráð til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. **Til eins árs:**
   Sjö borgarfulltrúa í borgarráð og sjö til vara.

B. **Til fjögurra ára:**
   1. Sjö menn í íþrótta- og útilífsráð og sjö til vara. Formannskjör
   2. Sjö menn í leikskóla- og daggæsluráð og sjö til vara. Formannskjör
   3. Sjö menn í mannréttindaráð og sjö til vara. Formannskjör.
   4. Sjö menn í menningarráð og sjö til vara. Formannskjör.

5. Sjö menn í skóla- og frístundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
6. Sjö menn í umhverfis- og skipulagsráð og sjö til vara. Formannskjör.
7. Sjö menn í velferðarráð og sjö til vara. Formannskjör.

Aðalmenn þeirra ráða sem talin eru upp í B-lið skulu koma úr hópi aðalmanna í borgarstjórn og fyrstu varamanna hvers framboðslista. Varamenn skal velja úr hópi aðal- eða varamanna í borgarstjórn.

Lagt er til að 63. gr. verði svohljóðandi:

63. gr.
Kosning í ráð.

Borgarstjórn kýs eftirtalin ráð til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. **Til eins árs:**

Sjö borgarfulltrúa í borgarráð og sjö til vara.

B. **Til fjögurra ára:**

1. Sjö fulltrúa í íþrótta- og útilífsráð og sjö til vara. Formannskjör
2. Sjö fulltrúa í leikskóla- og daggæsluráð og sjö til vara. Formannskjör
3. Sjö fulltrúa í menningarráð og sjö til vara. Formannskjör.
4. Sjö fulltrúa í skóla- og frístundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
5. Sjö fulltrúa í umhverfis- og skipulagsráð og sjö til vara. Formannskjör.
6. Sjö fulltrúa í velferðarráð og sjö til vara. Formannskjör.

Aðalfulltrúa þeirra ráða sem talin eru upp í B-lið skulu koma úr hópi aðalfulltrúa í borgarstjórn og fyrstu varafulltrúa hvers framboðslista. Varafulltrúa skal velja úr hópi aðal- eða varafulltrúa í borgarstjórn.

64. gr. samþykktarinnar hljómar svo:

64. gr.
Kosning annarra nefnda.

Til viðbótar við þær nefndir sem borgarstjórn kýs skv. 63. gr. kýs hún fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð eða stjórnir eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. **Til eins árs:**

1. Fimm fulltrúa í stjórn Faxaflóahafna sf. og fimm til vara. Formannskjör.
2. Fimm fulltrúa í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og fimm til vara. Formannskjör

B. **Til fjögurra ára:**

1. Einn fulltrúa í almannavarnanefnd og tvo til vara.
2. Þrjá fulltrúa í endurskoðunarnefnd og þrjá til vara. Formannskjör.
3. Þrjá fulltrúa í aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks og þrjá til vara. Formannskjör.
4. Tvo fulltrúa í fjölmenningarráð og tvo til vara. Formannskjör.
5. Þrjá fulltrúa í hvert íbúaráð og þrjá til vara. Formannskjör.
6. Fimm fulltrúa í innkaupa- og framkvæmdaráð og fimm til vara. Formannskjör.
7. Þrjá fulltrúa í kjaranefnd og þrjá til vara. Formannskjör.
8. Þrjá fulltrúa í ofbeldisvarnarnefnd og þrjá til vara. Formannskjör.
9. Þrjá fulltrúa í umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur og þrjá til vara. Formannskjör.
10. Þrjá fulltrúa í stjórn Brúar, lífeyrissjóðs og þrjá til vara.
11. Tvo fulltrúa í öldungaráð og tvo til vara. Formannskjör.

Aðalfulltrúar í nefndum sem taldar eru upp í 4., 5., 7., 8. og 10. tölul. B-liðar skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn. Tveir af þremur fulltrúum í íbúaráðum skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn.

C. **Kjörstjórnir:**

Borgarstjórn kýs fulltrúa í yfirkjörstjórnir, hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir, auk varamanna, eftir ákvæðum kosningalaga.

D. **Aðrar stjórnir, ráð og nefndir:**

Borgarstjórn/borgarráð kýs eða tilnefnir fulltrúa sína í ýmsar stjórnir, ráð eða nefndir samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða eða samkvæmt sérstökum samþykktum.

Lagt er til að 64. gr. verði svohljóðandi:

64. gr.

Kosning annarra nefnda.

Til viðbótar við þær nefndir sem borgarstjórn kýs skv. 63. gr. kýs hún fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð eða stjórnir eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. **Til eins árs:**

1. Fimm fulltrúa í stjórn Faxaflóahafna sf. og fimm til vara. Formannskjör.
2. Fimm fulltrúa í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og fimm til vara. Formannskjör

B. **Til fjögurra ára:**

1. Einn fulltrúa í almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins og tvo til vara.
2. Fjóra fulltrúa í endurskoðunarnefnd og þrjá til vara. Formannskjör.
3. Fimm fulltrúa í innkaupa- og framkvæmdaráð og fimm til vara. Formannskjör.
4. Þrjá fulltrúa í notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráðs. Formannskjör
5. Þrjá fulltrúa í kjaranefnd og þrjá til vara. Formannskjör.

Aðalfulltrúar í nefndum sem taldar eru upp í 3. og 4. tölul. B-liðar skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn.

C. Kjörstjórnir:

Borgarstjórn kýs fulltrúa í yfirkjörstjórnir, hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir, auk varamanna, eftir ákvæðum kosningalaga.

D. Aðrar stjórnir, ráð og nefndir:

Borgarstjórn/borgarráð kýs eða tilnefnir fulltrúa sína í ýmsar stjórnir þ.m.t. stjórnir byggðasamlaga, ráð eða nefndir samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða eða samkvæmt sérstökum samþykktum og stofnsamningum.